

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 7/2004

frá 6. febrúar 2004

um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) V. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 191/1999 frá 17. desember 1999 ⁽¹⁾.
- 2) Með ákvörðun nr. 191/1999 var bætt við V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauka (Staðfesturéttur) nýjum ákvæðum um aðlögun á tilteknum sviðum að því er varðaði Liechtenstein, en þessum ákvæðum ber að breyta í samræmi við samninginn um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem var undirritaður í Lúxemborg 14. október 2003.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/8/EB frá 23. desember 2002 til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 að því er varðar atvinnuframboð og atvinnuumsóknir ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi komi stað textans í 7. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/569/EB) í V. viðauka við samninginn:

„**32003 D 0008**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/8/EB frá 23. desember 2002 til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1612/68 að því er varðar atvinnuframboð og atvinnuumsóknir (Stjtið. EB L 5, 10.1.2003, bls. 16).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2003/8/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 74, 15.3.2001, bls. 29 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 14, 15.3.2001, bls. 217.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 5, 10.1.2003, bls. 16.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. febrúar 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. febrúar 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.